

Suðurnesjabær  
Sigurður Hilmar Ólafsson  
Sunnubraut 4  
250 Garður

Reykjavík, 2. nóvember 2022  
UST202210-103/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030 - Afpreyningar- og ferðamannasvæði í landi Gauksstaða**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Garðs er barst 13. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030 í landi Gauksstaða.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina afþreyingar- og ferðamannasvæði í stað opins svæðis í landi Gauksstaða. Auk þess kemur fram að fyrirhugað sé að reisa 15 gistihús/smáhýsi um 30 m<sup>2</sup> að stærð til útleigu fyrir ferðaþjónustu, ásamt móttöku- og afþreyingarhúsi, allt að 300 m<sup>2</sup>.

### **Verndarsvæði**

Svæðið er skilgreint í gildandi aðalskipulagi sem opið svæði, en opið svæði er skilgreint samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 sem svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Auk þess, eins og segir í greinargerð lýsingar, er svæðið hverfisverndað vegna lífríkis og útivistar og á náttúruminjaskrá vegna vistkerfa og fuglalífs.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan geti haft áhrif á og rýrt útivistar- og verndargildi svæðisins leggur stofnunin það til að sveitarstjórn skoði einnig aðra valmöguleika, sbr. 4.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu utan útivistarsvæða, hverfisverndarsvæða og svæða á náttúruminjaskrá við gerð tillögunnar.

### **Umhverfisáhrif**

Í greinargerð lýsingar segir að vísað er til umhverfisskýrslu fyrir endurskoðun aðalskipulags og unnið verður að umhverfismatsskýrslu fyrir svæðið á þeim grunni.

Í umhverfismatsskýrslunni fyrir endurskoðað aðalskipulag segir á bls. 6 að *verndarsvæði í byggð kann að hefta vöxt þéttbýlis inn á við* og er hægt að skilgreina þann þátt sem veikleika. Einnig segir að þátturinn *nálægð við náttúruna* er skilgreindur sem styrkleiki. Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í umhverfisskýrslunni að líta beri á nálægð við náttúruna og verndarsvæði sem styrkleika frekar en veikleika.

Með þéttingu byggðar er m.a. verið að leggja áherslu á uppbyggingu á þegar röskuðum svæðum og að byggð þenjst ekki út á óröskuð svæði með hátt verndargildi. Umhverfisstofnun vill benda á mikilvægi þess að horft sé til þess að verndar- og



útvistarsvæði þéttbýlisins er við ströndina. Því er mikilvægt að lögð sé áhersla á að við gerð tillögunnar og þróun þéttbýlisins í skipulagi sé tekið mið af því.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*